

9. desember 2011

Samráðsáætlun við breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs vegna stækkunar vestursvæðis: Langisjór – Eldgjá.

Hér fer á eftir áætlun um samráð stjórnar Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs við hagsmunaaðila vegna stækkunar Vestursvæðis þjóðgarðsins. Samráðið er liður í mótun tillögu Vestursvæðis að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stækkun þjóðgarðsins var ákveðin með reglugerð 764/2011 um breytingu á reglugerð nr. 608/2008.

Markmið samráðsáætlunar er að sátt náist um meginatriði stækkunar með tilliti til aðgengis, nýtingar og uppbyggingar. Svæðisráð Vestursvæðis þjóðgarðsins mun fjalla um þær ábendingar og tillögur sem fram koma í samráðinu og bregðast við eftir atvikum og gera breytingar sem teljast til bóta og eru líklegar til að um þær náist sátt.

Áfangaskipting

Samráðsferlinu er hér skipt í fjóra áfanga. Gert er ráð fyrir því að öllum upplýsingum um niðurstöðu hvers áfanga verði miðlað á vef þjóðgarðsins.

Fyrsti áfangi - Hagsmunaaðilagreining:

Útbúin verður hagsmunaaðilagreining sem snýr einkum að stækkun vestursvæðis þjóðgarðsins. Á grundvelli hennar verða lagðar línur varðandi tilhögun og mönnun á fundum í öðrum og þriðja áfanga auk úrvinnslu í fjórða áfanga.

Annar áfangi - Fundur með helstu hagsmunaaðilum í héraði.

Haldinn verður fundur með fulltrúum hagsmunaaðila heima í héraði, þar sem málið er opnað og fyrirhuguð stækkun kynnt og fulltrúum gefinn kostur á að bregðast við. Ennfremur haldinn fundur með öðrum lögbundnum samráðsaðilum eða stórum hagsmunaaðilum: Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins og Vegagerðinni.

Þriðji áfangi - Samráðsfundir um stækkun Vatnajökulspjóðgarðs.

Svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs skipuleggur og heldur þrjá samráðsfundi: í Reykjavík, á Kirkjubæjarklaustri og í Laugalandi í Holtum. Fulltrúar hagsmunaaðila eins og þeir hafa verið skilgreindir í hagsmunaaðilagreiningu fá boð á fundina og fá þar tækifæri til að koma saman og ræða þarfar sínar og hugmyndir. Tilgangur fundanna er að efna til samræðu um meginatriði stækkunar með tilliti til aðgengis, nýtingar og uppbyggingar og að taka á móti ábendingum og hugmyndum frá hagsmunaaðilum heima í héraði, sem og þeim sem starfa á landsvísu. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag fundanna þriggja koma fram í fundarboði og á vef þjóðgarðsins.

Í öðrum og þriðja áfanga verða einnig lagðar línur varðandi fyrirkomulag kynningar á samráðinu og áréttað mikilvægi þess að fulltrúar hagsmunaaðila taki að sér að halda sínum félagsmönnum vel upplýstum.

Fjórdi áfangi - úrvinnsla samráðsfunda og tillaga til stjórnar

Svæðisráð vinnur breytingu á tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun þar sem skilaboð samráðsfunda eru höfð til hliðsjónar. Svæðisráð Vestursvæðis sendir síðan tillögu að Stjórn tekur í framhaldi ákvörðun um tillögu að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun og setur í formlegt auglýsingaferli.

Afrakstur samráðs:

- Yfirlit yfir þá hagsmunaaðila sem koma þurfa að samráðsferlinu og með hvaða hætti þeir koma að.

- Samanteknar niðurstöður og skilaboð hagsmunaaðila, jafnt þeirra sem í héraði sitja og þeirra sem starfa á landsvísu, um meginatriði stækkunar með tilliti til aðgengis, nýtingar og uppbyggingar innan þjóðgarðsins.
- Sjónarmið hagsmunaaðila verða settar fram og birtar á vef að samráðsfundum loknum
- Svæðisráð skilar tillögu til stjórnar þar sem sjónarmið hagsmunaaðila eru höfð til hliðsjónar.

Tímasetningar

Hér fyrir neðan eru drög að tímasetningum:

- Fyrsti áfangi: Hagsmunaaðilagreining lögð fram á fundi stjórnar þann 14. desember.
- Annar áfangi: Fundur með fulltrúum helstu hagsmunaaðila í héraði haldinn 26. Október, fundur með öðrum lögboðnum samráðsaðilum og stórum hagsmunaaðilum á landsvísu haldinn 16. desember.
- Þriðji áfangi: Samráðsfundir haldnir í Reykjavík, Kirkjubæjarklaustri og Laugalandi í Holtum haldnir 23 - 25. janúar 2012. Niðurstöður samráðsfunda birtar á vef 30. janúar.
- Fjórti áfangi: Svæðisráð skilar breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun með skilaboðum samráðsfunda 29. febrúar 2012.